

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12,
230 Reykjanesbæ

Garðabær, 24. júní 2025
202506-0012/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar - Helguvík iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði, I1, AT15 og H1 Reykjanesbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020–2035 fyrir Helguvík, dags. 2. júní 2025. Breytingin felur í sér tilfærslu og stækkun iðnaðar- og hafnarsvæða í Helguvík, stofnun nýs iðnaðarsvæðis fyrir skipaeldsneyti (I10), tilfærslu og stækkun hreinsistöðvar (I8), og nýtingu á lóðum fyrir inn- og útflutning jarðefna.

Skipulagssvæðið nær til Helguvíkurhafnar og aðliggjandi iðnaðarsvæða. Með breytingunni eykst umfang iðnaðarsvæða um 10 ha og hafnarsvæðið minnkar um 12 ha. Í nýtingaráformum felst uppbygging á starfsemi sem tengist út- og innflutningi jarðefna, eldsneytisbirgðum, og endurbættri fráveitu fyrir sveitarfélagið. Svæðið hefur verið raskað að hluta en hefur jafnframt mögulegt verndargildi, m.a. vegna staðsetningar í alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði og viðkvæmu vatnasvæði.

Forsendur

Þar sem fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til svæða með verndargildi, m.a. vegna fuglalífs og vatns, er mikilvægt að náttúruverndarstefna sveitarfélagsins verði höfð að leiðarljósi og lögð til grundvallar breytingunni.

Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020–2035 er lögð áhersla á að vernda náttúruauðlindir, tryggja líffræðilega fjölbreytni og koma í veg fyrir mengun til sjávar og grunnvatns. Þá er markmiðið að hlúa að náttúru- og útivistarsvæðum og styrkja vistvæna ímynd bæjarins með ábyrgri landnotkun og uppbyggingu innviða.

Skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um að náttúruvernd og sjálfbær þróun skuli vera meðal meginmarkmiða skipulagsáætlana (1. og 5. gr.), og samkvæmt 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skal greina áhrif á náttúru og líffræðilega fjölbreytni í aðalskipulagi og taka mið af náttúruverndarlögum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að tryggja að náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins séu höfð að leiðarljósi við frekari vinnslu skipulagsins – með skýrum afmörkunum, mótvægisáðgerðum og vöktun – í samræmi við aðalskipulag, náttúruverndarlög og skipulagsreglur.

Náttúruvernd og vistkerfi

Í greinargerð kemur fram að áhrif á náttúrufar séu metin óveruleg og engar verndaðar vistgerðir séu til staðar. Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið tilheyri mikilvægu fuglasvæði (Sf-V-3 Rosmhvalanes) þar sem áður var skráð stærsta sílamáfsvarp landsins. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á tegundinni og ber að tryggja að fyrirhuguð uppbygging valdi ekki röskun á búsvæðum varps og fæðuöflunar. Vöntun er á nýlegum gögnum um fuglastofna, og stofnunin ítrekar fyrri ábendingu sína um nauðsyn slíks mats.

Mengaður jarðvegur

Stofnunin bendir á að í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skuli sveitarfélagið taka mið af svæðum þar sem grunur er um mengun við gerð skipulags. Sérstaklega þarf að greina hvort mengaður jarðvegur er til staðar á lóðum sem hýsa eldsneytisbirgðir og fráveitulausnir, og bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum.

Landslag og ásynd

Í greinargerð er fjallað um að áhrif á ásynd séu óveruleg og að svæðið sé í eðlilegu samhengi við fyrirliggjandi innviði. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að gæta þess við hönnun og staðsetningu mannvirkja að þau falli sem best að landslagi. Brimvarnir og mannvirki tengd eldsneytisgeymslu í útjaðri hafnar geta haft veruleg sjónræn áhrif sem metin verða í deiliskipulagsferli.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur